1 Júlí 2022

Góðan daginn Arna Lára Jónsdóttir

Við hjá The Pigeon International Film Festival viljum þakka fyrir styrkinn sem við fáum í ár frá Ísafjarðarbæ.

En nú eru málin þannig að við eigum von á 35 erlendum gestum á hátíðina og þar á meðal vel þekkta leikstjóra eins og Jan Hioubek frá Póllandi Pawo Choynig frá Bhutan.

Við höfum þegar reddað húsnæði fyrir helming af hópnum, en erum að finna húsnæði fyrir restina. Svo vantar okkur líka húsnæði þar sem menn geta tekið kaffisopa og spjallað.

Okkur hefur dottið í hug ef bærinn eigi kannski húsnæði sem myndi vera á lausu þá helgi? 13 til 17 Okt. Ef ekki þá kannski vitað um húsnæði og bent okkur í rétta átt.

Við ætlum að hafa þessa hátið árlega og koma Ísafirði á kortið á meðal kvikmyndagerðamanna, og það er góð leið til að kynna svæðið fyrir þeim sem gera kvikmyndir.

Við höfum séð að aðrar hátiðir hér í bæ hafa verið að gera samning við bæinn og einfalda hlutina fyrir sig. Kannski væri það möguleiki að fá slíkan saming?

Hátíðin hjá okkur er seint á árinu og við þurfum að skila inn öllum upplýsingum til ykkar fyrir áramót, og er það svolítið erfitt þar sem oft tekur 3 mánuði að hnýta alla enda eftir svona viðburði. Eftir síðustu hátíð þá lá allt fyrir í byrjun Febrúar, en líklega verður það fyrr á ferðinni en erfitt að hafa þetta tilbúið fyrir áramót.

Við erum þegar komnir með töluvert af styrkjum og vonumst til að fá fleiri frá fyrirtækjum bæjarins. Fjárhagsáætlunin hjá okkur gerir ráð fyrir að þetta kosti allt vel yfir 4 miljónir. Þannig að öll hjálp með að fá húsnæði eða allt sem þarf fyir svona viðburð hjálpar til með að ná niður kosnaði.

Við erum að kosta einn leikstjóra á hátíðina sem er heiðursgestur hjá okkur. Við verðum að keyra fólki vestur þar sem það er ekki hægt að treysta flugi hingað vestur. Þannig að þetta kostar allt töluvert.

Í fyrra notuðum við bílaleigubíla og svo minn bíl sem tekur 6 farþega, en í ár verðum við líklega að leigja litlar rútur.

Læt hér fylgja með link á síðuna hjá okkur á facebook. https://www.facebook.com/isafjordurpiff Þar er hægt að lesa um margar myndirnar og sjá trailer frá þeim.

Við erum þegar komin með yfir 900 umsóknir og við verðum með betri myndir en í fyrra, þó að þá vorum við með virkilega sterkar og góðar myndir.

Ég ætla hér að telja upp nokkrar myndir og byrja á kvikmyndunum.

Lunana: a Yak in The Classroom leikstjóri Pawo Choyning Dorji

Þetta er opnunarmyndin og koma þeir sem gestir á hátíðina. Myndin fjallar um kennara sem fær það

erfiða kennarstarf að kenna krökkum í Lunana litlum bæ hátt í fjöllunum í Bhutan. Þessi mynd var tilnefnd fyrir Óskarinn og er ein af bestu myndum það árið.
25 years of Innocence í leikstjórn Jan Holoubek
Sannsöguleg mynd um sögu Tomek Komenda sem hafði mikil áhrif á Pólverja þegar seinni málaferlin voru í gangi. Þar var tekist á við ótrúveruleika Pólsk réttarkerfis og hreyfði þessi saga mikið við Pólverjum. Þetta er fyrsta kvikmynd Jan Holoubek og fór sigurför um heiminn og er enn verið að sýna hana á mörgum hátíðum. Leikstjórinn kemur á hátíðina.

El camino de Sol í leikstjórn Claudia Sainte-Luce
Þessi mynd frá Mexico hefur verið að gera það gott í Suður Ameríku, og er vel gerð og með sterka sögu. Fjallar um móðir sem er skilin við eiginmanninn og barninu hennar er rænt. Það er farið fram á lausnargjald en hún á enga peninga og verður að beita óvenjulegum aðferðum til að leysa málið.

Happy F´K´IN Sunshine í leikstjórn Derek Diorio
Myndin fjallar um Will sem býr í einnar millu bæ, þar skellur á verkfall og hann stofnar hljómsveit með nokkrum vinum. Systir hans sem selur gras fjárfestir í hljómsveitinni og gerist umboðsmaður. Þetta er mynd sem fer ekki troðnar slóðir í umfjöllun sinni og er stórskemmtilegt verk.

Derek mun koma á hátíðina.

Ride back to Freedom í leikstjórn Hermann Weiskopf
Heimildarmynd sem fjallar um ferð Hermanns til Ítalíu strax þegar Ítalía opnaði landamærin eftir covid. Það er mikil gleði og drama í myndinni, en Hemann er nokkuð þekktur leikari á Ítalíu þó hann Asturrískur sé. Hann leikur mest í Ítölskum kvikmyndum og talar Ítölskuna reiðbrennandi. Hermann mun koma á hátíðina.

Nú snúum við okkur af stuttmyndunum, hér mun ég bara telja upp nokkrar.

Stuttmyndir af 5 tilnefndum fyrir Óskarinn 2022.

Ala Kachuu – Take and Run í leikstjórn Maria Brendle

On My Mind í leikstjórn Martin Strange-Brendle

Stuttmyndir af 15 shortlistanum fyrir Óskarinn 2022.

Tala´Vision í leikstjórn Muras Abu Eisheh.

You´re dead Helen í leikstjórn Michiel Blanchart

Teiknimyndir verða meðal annars

Mileage í leikstjórn Jennifer Wu

Changing skin í leikstjórn Maxime Coton

Það er af nógu að taka þetta er 4 daga hátíð og við sýnum yfir 50 myndir.

Fyrir hönd The Pigeon International Film Festival

Fjölnir Már Baldursson sími 6637393